



Landmælingar Íslands

- innleiðing gæðakerfis

Stjórnendur LMÍ gera sér grein fyrir að gæðamál eru stöðugt á dagskrá og vanda þarf til verka við úrlausn þeirra. Innleiðing og framkvæmd stefnunnar er mikilvæg til að fullvissa starfsmenn, samstarfsaðila og viðskiptavinum LMÍ um áherslur í gæðamálum.

Landmælingar Íslands eru ríkisstofnun sem var sett á laggirnar árið 1956 og heyrir hún undir umhverfissráðuneytið. Stofnunin er staðsett á Akranesi við Stillholti 16-18. Starfsmenn eru 29 og forstjóri er Magnús Guðmundsson. Markmið Landmælinga Íslands er að tryggja að ávallt séu til aðgengilegar og áreiðanlegar staðfræðilegar og landfræðilegar grunnupplýsingar um allt Ísland. Um starfsemina gilda lög um landmælingar og grunnkortagerð nr. 103/2006 sem tóku gildi 1. janúar 2007. Gildandi skipurit stofnunarinnar tók gildi frá sama tíma.

Markmið og framtíðarsýn

Markmið Landmælinga Íslands er að tryggja að ávallt séu til aðgengilegar og áreiðanlegar staðfræðilegar og landfræðilegar grunnupplýsingar um allt Ísland.

Í öllu starfi stofnunarinnar eru ákveðin gildi höfð að leiðarljósi, en það er traust, gæði, þekking og samstarf.

Stofnunin sinnir fjórum megin fræðigreinum sem eru landmælingar, fjarkönnun, landupplýsingavinnsla og kortagerð.

Innleiðing gæðakerfis skv. ISO 9001 hjá Landmælingum Íslands

Í byrjun árs 2006 hófst vinna hjá Landmælingum Íslands við innleiðingu gæðakerfis skv. ISO 9001. Hvatinn að þessu verkefni var skilningur æðstu stjórnenda stofnunarinnar á mikilvægi þess að gæði vinnu og þjónustu stofnunarinnar væri í samræmi við væntingar viðskiptavina og samstarfsaðila. Sérfræðingar Stika unnu að innleiðingu gæðakerfisins í samvinnu við stjórnendur Landmælinga.

Byrjað var á að greina og skrá vinnuferli og verklagsreglur og í framhaldi af því varð til Skipulagshandbók Landmælinga, sem unnin var í Focal kerfi frá Hópvinnukerfum. Jafnframt voru stefnur mótaðar svo sem gæðastefna en einnig upplýsingaöryggisstefna skv. ISO/IEC 27001. Starfsemi LMÍ felst í öflun og skráningu gagna um Ísland og hjá stofnuninni eru varðveittar mikilvægar upplýsingar í ýmsu formi m.a. gagnagrunnar og kort, en einnig filmur, myndir og gömul kort sem hafa mikið sagnfræðilegt gildi.

Gæðastefna Landmælinga Íslands

Með gæðastefnunni vilja LMÍ tryggja stöðugar umbætur í starfsemi stofnunarinnar m.a. með því að leggja áherslu á vel skilgreinda verkferla í verkefnavinnu sinni.

LANDMÆLINGAR ÍSLANDS



Upplýsingaöryggisstefna Landmælinga Íslands

Upplýsingaöryggisstefnan tekur til umgengni og vistunar allra upplýsinga í vörslu Landmælinga Íslands, hvort sem um er að ræða gögn vistuð í gagnagrunnum, myndefni, ritaðan texta eða efni sem vistað er á rafrænu, prentuðu eða handskrifuðu formi og jafnvel sem þekking starfsmanna.

Forstjóri LMÍ hefur samþykkt báðar stefnurnar og styður við framkvæmd þeirra.

Góð verkefnastjórn var lykilatriði

„Innleiðing gæðakerfis hjá Landmælingum var skemmtilegt og gefandi verkefni, en góð verkefnastjórn hjá Landmælingum Íslands og einurð æðstu stjórnenda stofnunarinnar við innleiðinguna skiptu miklu máli og stuðluðu að árangursríkri innleiðingu. Það er gaman að sjá þegar opinber stofnun eins og Landmælingar Íslands leggur metnað í að innleiða framsýna stjórnun með gæði og upplýsingaöryggi að markmiði. Það mættu fleiri taka sér til fyrirmyndar“ Segir Svana Helen Björnsdóttir framkvæmdastjóri Stika

Í kjölfar innleiðingar gæðakerfisins undir handleiðslu Stika tók við skráning ferla úr kjarnastarfsemi stofnunarinnar. Það að skilgreina og skrá þessa verkferla hefur aukið mjög á gagnsæi verkefna stofnunarinnar og kemur það mjög til góða í almennri stjórnun og skilgreiningu markmiða.

Landmælingar Íslands beita sér fyrir samstarfi opinberra stofnanna t.d. í formi samnýtingar gagna og hefur stofnunin þess vegna sett sér það markmið að vinna að samræmingu vinnubragða á starfssviðinu skráning og miðlun gagna og upplýsinga.

Innleiðing gæða- og upplýsingaöryggisstefnu hefur hjálpað til við að undirbúa þennan farveg. Nú er unnið að innleiðingu vinnuaðferða samkvæmt alþjóðlegum gæðastöðlum á sviði landupplýsinga jafnframt því að viðhalda gæðakerfinu eins og lagt var upp með það í byrjun. Enda styður gæðakerfið áframhaldandi uppbyggingu í þessa átt.

Í lok ársins 2007 var ákveðið að fara í innri úttekt á stoðferlum í því skyni að styðja við innleiðingu gæða- og upplýsingaöryggisstefnu og verður þetta framkvæmt árlega jafnframt því að framkvæmdastjórn rýnir skipulagshandbókina.



Stiki ehf.
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Tel. +354 570 0600, Fax +354 570 0601
www.stiki.eu - stiki@stiki.eu

Microsoft
GOLD CERTIFIED
Partner

Stiki ehf. er ráðgjafar- og hugbúnaðarfyrirtæki sem sérhæfir sig í gagnaöryggi, tölvuöryggi og öryggismálum upplýsingakerfa. Stiki uppfyllir kröfur ISO/ICE 27001 og ISO 9001 og er vottað af British Standards Institution, BSI.

